

Ferðalýsing V

Sunnudagur 29. september.

Áfallið hafði frosið um nóttina en um kl 10 var um 10°C. Borðaður var morgunmatur á kránni sem var innréttuð sem veiðikrá. Ekki var ský á himni en hitinn hækkaði ekki mikið. Ekið var um akra og skóga, mjóa og breiða vegi. Framhjá námum með stórum gröfum. Fann gistingu í gegnum TúrístInfo í þorpi ekki langt frá Þýskalandi og Póllandi. Konan sem var með gistinguna hafði lært rússnesku í 10 ár í skóla en það var aðal tungumálið hér áður fyrir.



Kolanáma í austanverðu Þýskalandi

Mánudagur 30. september.

Eftir að hafa farið yfir götuna og keypt inn eitthvað til að hafa sem morgunmat og smurt nesti var haldið af stað. Áður en farið var yfir til Þýskalands var keypt bensín fyrir afganginn af tékknesku krónunum og síðan haldið áfram í norður gegnum akra og skóga. Umhverfið að sumu leiti svipað og í Úkraínu nema vegurinn var betri, gangstéttir en ekkert fólk á gangi.




Landamæri Tékklands og Þýskalands

Sól skein á akra en hitinn var ekki mikill, um 12-14°C, og austan vindur. Þegar kom yfir til Þýskalands voru heimamenn að laga göturnar og var nokkuð vesen að finna leið framhjá. Endaði í Frankfurt am Oder, sem er alveg við landamærin, og fann þar heimagistingu en fór svo yfir til Póllands til að kaupa bensín og borða. Fór einnig í stórmarkað til að kaupa eitthvað til að hafa fyrir morgunmat daginn eftir. Þá vandaðist málið því fjöldi jógúrt tegunda hefði varla komist fyrir í öllum kælinum í meðal Bónusbúð og drykkjarvöru deildin hefði ekki komist fyrir í meðal Bónusbúð.

Þriðjudagur 1. október.

Hjólið var drifið út úr skúrnum hjá gistisalanum og fyrrverandi lestarstjóranum (kola, rafmagns og diesel lestar) og haldið af stað.

Þetta var eins og endurtekning af gærdeginum nema nú var tekin hraðbraut að hluta með tilheyrandi vegaframkvæmdum og sultu (traffic jam) vegna umferðarslyss. Náði að keyra milli bílanna og var kominn að slysstaðnum þegar umferðin fór af stað. Gisti í fyrrum bændaskóla.



Lestarstjórinn, skúrin var gerður fyrir Trapant og var þessvegna heldur lítill fyrir Honduna



Sulta (traffic jam)

Miðvikudagur 2. október.

Veðrið var eins og síðustu dag svalt en heiðskýrt. Ég var búinn að verða mér úti um gistingu í miðborg Kaupmannahafnar hjá Sveini kunningja mínum sem fer þangað öðru hvoru og vinnur við járnsmíðar.

En fyrsta mál á dagskrá var að sækja framdekk sem búið var að panta á netinu og síðan að finna rándýru ferjuna frá Rostock til Gedser (54 €) til að komast yfir til Sjálands. Þar þurfti að bíða í tæpa tvo tíma eftir ferjunni, tíminn var notaður til að fara í Grænsekiosk og kaupa öl til að færa Sveini, flöskunum var síðan raðað inni nýja dekkið. Það tók tvo tíma að komast yfir með ferjunni. Síðan var brunað til Köben og uppúr kl 17 var ég kominn til Sveins.



Beðið eftir ferjunni til Danmerkur



Sveinn við járnsmíðar í miðborg Köben

Fimmtudagur 3. október.

Ekkert hjólað í dag en gengið um miðbæ Kaupmannahafnar í sól en köldu veðri enda kominn október.

Föstudagur 4. október.

Stefnan var í dag sett á Jótland í þurru en köldu veðri. Á brúnni yfir Stóra-Belti var rok og hjólaði ég í skjóli af flutningabíl megnið af leiðinni. Síðan var haldið til Haderslev þar sem ferðin hafði í raun byrjað.




5.-7. október.

Lagt var af stað um kl 7 til að komast tímanlega til Hirtshals. Það hékk þurrt að mestu en ekki var hlýtt.

Ekki voru margir með ferjunni nokkrir bílar og fjórhjól sem fór úr í Færeyjum.

Tvo sólarhringa tók að sigla til Færeyja og þar var farið í land að venju og fengið sér að borða þar sem maturinn um borð er ekki góður og kostar mikið.



Beðið eftir að komast um borð í Norrænu

Þriðjudagur 8. október.

Komið var til Seyðisfjarðar um 10 leytið í góðu veðri og ákveðið var að fara með suðurströndinni til Reykjavíkur. Að sjálfsögðu var snjór á Fjarðarheiði en ekki á sjálfum veginum. Það var gott veður þangað til ég var kominn á suðurströndina og fór ég þá að mæta uppfenntum bílum. Mætti einnig Þjóðverjum á hjólum sem voru á leið í ferjuna og þeir sögðu mér að það væri fært. Við Lómagnúp var allt hvítt en vegurinn var að mestu auður. Komst síðan klakklaust til Reykjavíkur og var kominn heim um klukkan 20.



Fjarðarheiði



Lómagnúpur og all hvítt

Þetta voru rúmir 12 þúsund km sem hjólaðir voru í þessari ferð, sem er það lengsta sem ég hef farið í svona haustferð. Ferðalagið tók 6 vikur en það hefði mátt lengja það um 1 til 2 vikur til að hafa betri tíma til að skoða sig almennilega um.